

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-58/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 22. júlí 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y. hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 19. ágúst 2015 gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 9. september. Með bréfi, dags. 11. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 24. september. Með bréfi, dags. 25. september, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 7. október. Með bréfi, dags. 14. október var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og bárust þær hinn 19. október. Með bréfi, dags. 10. desember, var seljanda gefinn kostur á enn frekari andsvörum og frestur til þess til 24. desember. Hinn 5. maí 2016 voru gögn málsins send sérfræðingi nefndarinnar í bifreiðamálum og skilaði hann áliti sínu hinn 21. maí. Með bréfi, dags. 29. ágúst, var aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við álit sérfræðingsins og frestur til þess til 12. september 2016. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 14. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 24. febrúar 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.600.000. Var bifreiðin af gerðinni Volvo XC70 D5, árgerð 2006, fyrst skráð 18. apríl 2006 og hafði á kaupdegi verið ekið 147.000 km. Var bifreiðin söluskoðuð af þriðja aðila sama dag og kaupin fóru fram og fannst ekkert alvarlegt að bifreiðinni. Segist álitsbeiðandi sjálfur ekki hafa skoðað bifreiðina, þar sem hann var þá búsettur á Akureyri, en bifreiðin var til sölu sunnan heiða. Hinn 26. júlí var farið með bifreiðin á verkstæði á Akureyri til að skipta um olíu á afturdrifi. Kom þá í ljós spurnga í upphengju á afturdrifi og mælti bifreiðaverkstæðið með því að drifið yrði lagað áður en olíuskriptin færu fram og tóku fram að það mætti alls ekki bieti bifreiðinni harkalega né keyra með aftanívagn. Umræddan dag var kílómetrastað bifreiðarinnar 153.202 km. og álitsbeiðandi búinn að eiga bifreiðina í 4 mánuði. Segir álitsbeiðandi að samkvæmt upplýsingum sama verkstæðis, sem sé og umboðsverkstæði framleiðanda, kosti nýtt afturdrif um kr. 520.000 auk vinnu, en verkstæðið áætlaði að hún myndi kosta um kr. 100.000. Vegna þess hve nýtt drif yrði dýrt mælti verkstæðið með því að gamla drifið yrði tekið úr bifreiðinni og spurngan í því löguð á sérhæfðu járnsmíðaverkstæði og síðan séð til hvort það myndi ekki halda. Segir álitsbeiðandi að á þessum tímapunkti hafi hann haft samband við seljanda og sagt henni frá framangreindu. Greiddi álitsbeiðandi kr. 135.444 fyrir viðgerðina. Fullyrti verkstæðið að spurngan í drifinu gæti ekki verið ný til komin og að erfitt hefði verið að koma augu á hana nema með því að skoða drifhúsið sérstaklega. Þá hafi ekkert olíusmit verið í kringum sprunguna. Segir álitsbeiðandi og að seljandi hafi ekki viljað koma til móts við sig varðandi viðgerðarkostnað, þrátt fyrir að ódýrasta leiðin við viðgerðina hafi verið valin. Þá telji seljandi að sá aðili sem

söluskoðaði bifreiðina beri ábyrgð. Segir álitsbeiðandi að í ljósi þess að gott verð hafi verið greitt fyrir bifreiðina, í þeirri trú að hún væri í góðu ástandi og með góða þjónustusögu, þyki sér rétt að seljandi greiði allan útlagðan viðgerðarkostnað að fullu, kr. 135.444. Þá sé einnig óvist hvort viðgerðin sé varanleg og að það geti komið til þess að kaupa þurfi nýtt afturdrif, en kostnaður við það geti, sem fyrr greinir, numið um kr. 607.898. Gerir álitsbeiðandi því þá auka kröfu að komi til þess að skipta þurfi um afturdrifið innan tveggja ára, greiði seljandi helming þess kostnaðar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali vegna bifreiðakaupanna, dags. 24. febrúar 2015, ljósmyndir af umræddu drifi, afrit af reikningum vegna viðgerðar á drifinu, að fjárhæð kr. 135.444 og afrit af tölvupósti frá verkstæði, þar sem áætlað er að nýtt drif auk ísetningar kosti kr. 607.898.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum, rituðum af lögfræðingi seljanda, kemur m.a. fram að bifreiðin sem um ræðir hafi verið árgerð 2006, ekin röskegla 148.000 km á kaupdegi. Seljandi hafi veitt bifreiðasala þeim annaðist söluna allar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar, sem honum hafi verið kunnugt um. Seljandi hafi ekki vitað af sprungu í upphengju á afturdrifi. Um sé að ræða 9 ára gamla bifreið og segist seljandi engu hafa haldið leyndu um ástand hennar. Er bent á að álitsbeiðandi hafi ekki skoðað bifreiðina sjálfur þegar kaupin voru gerð og þess í stað treyst á skoðun Frumherja á bifreiðinni. Ekkert athugasemdir hafi komið fram við þá skoðun. Bendir seljandi og á að álitsbeiðandi hafi ekki orðið var við sprungu í upphengju á afturdrifi hafi fyrr en 4 mánuðum eftir kaupin, þegar hann hafði ekið bifreiðinni um 5.000 km. Telur seljandi að þar sem umrædd sprunga hafi ekki komið fram við söluskoðun, séu yfirgnæfandi líkur á að hún hafi myndast vegna notkun álitsbeiðanda sjálfs á bifreiðinni. Þá mótmælir seljandi því að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið óvenjulega hátt og hafnar því að taka með nokkrum hætti þátt í kostnaði vegna viðgerðar á bifreiðinni.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur rangt að ástand bifreiðarinnar hafi verið sérlega gott, líkt og seljandi haldi fram. Fyrir utan sprunguna í upphengju á afturdrifi hafi hjólabíl bifreiðarinnar verið rangt, sem hafi eyðilagt dekk og rafgeymir einnig verið lélegur. Þá sé ekki rétt að engar athugasemdir hafi komið fram við söluskoðun á bifreiðinni. Þar hafi komið fram að hávaði væri í miðstöð, upplýsingar vantaði um tímareim og lakk misþykkt hægra megin. Vegna þessara athugasemda segir álitsbeiðandi að uppsett verð hafi verið greitt, gegn því að seljandi afhenti reikninga fyrir viðgerðum, en það hafi enn ekki verið gert. Álitsbeiðandi hafi aðeins fengið kvittun vegna tímareimaskipta. Óskar álitsbeiðandi eftir því að seljandi afhendi þjónustuskrá bifreiðarinnar. Þá telur álitsbeiðandi að ekki sé útilokað að bifreiðin hafi orðið fyrir verulegri ákomu, en ekki bara „hagkaupsbeyglu“ eins og seljandi hafi haldið fram. Umrædda sprungu hafi síðan verið erfitt að sjá þar sem enginn olíuleki hafi verið í kringum hana. Sprungan sé ekki ný og sárið í henni orðið jafn skítugt og aðrir hlutar undirvagnsins. Því hafi verið erfitt að koma auga á sprunguna. Þá segir álitsbeiðandi að hann sé ekki að gefa í skyn að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið óeðlilega hátt. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að hann telji að sprunga í drifupphengju hafi sannarlega verið til staðar við kaupin, þrátt fyrir að hún hafi ekki sést við söluskoðun á verkstæði. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda eru afrit af söluskoðun, álitsgerð frá bifreiðaverkstæði vegna viðgerðar á drifi, álitsgerð frá öðru verkstæði, afrit af smurbók og afrit af ástandslýsingu seljanda.

## VI

### Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að þjónustuyfirlit og reikningar vegna viðhalds og viðgerða bifreiðarinnar hafi alla tíð legið fyrir, en álitsbeiðandi hafi hingað til ekki sóst sérstaklega eftir því að fá umrædd gögn upplýsingar, ef frá er talið upplýsingar um skipti á tímareim. Fylgja umræddar upplýsingar með andsvörum. Þá hafnar seljandi því að bifreiðin hafi sér að vitandi orðið fyrir verulegu tjóni.

## VII

### Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að hann telji að umrædd sprunga hafi verið til staðar við kaupin og að seljandi greiði að lágmarki útlagðan viðgerðarkostnað vegna þessa kr. 135.444. Ennfremur að seljandi greiði helming kostnaðar, komi til þess að skipta þurfi um afturdrif bifreiðarinnar innan 2 ára.

## VIII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 24. febrúar 2015 fyrir kr. 2.600.000. Bifreiðin er árgerð 2006 og fyrst skráð 18. apríl 2006. Bifreiðin var því tæplega 9 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 147.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 24. febrúar 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við

markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Slík skoðun var framkvæmd fyrir kaupin. Í skoðunarskýrslunni kemur fram að miðstöð sé ófullnægjandi, upplýsingar vanta um tímareim og að lakk sé mis þykkt hægra megin, sem bendi til að bifreiðin hafi verið sprautuð að hluta. Hvað varðar kaupverð bifreiðarinnar liggur ekki fyrir að það hafi verið hærra eða lægra en gengur og gerist með samskonar bifreiðar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr., en vangaveltur álitsbeiðanda um að bifreiðin hafi e.t.v. lent í miklu tjóni sem seljandi hafi ekki upplýst um fyrir kaupin, eru án frekari gagna eða upplýsinga til að styðja við þær vangaveltur, ekki til þess fallnar að draga af þeim ályktun um að seljandi hafi ekki gefið upplýsingar um bifreiðina, sem verulegu máli skiptu, fyrir kaupin.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir lét álitsbeiðandi söluskoða bifreiðina fyrir kaupin en sú skoðun leiddi ekki ljós sprungu í drifi bifreiðarinnar.

Eins og að framan er rakið leitaði kærunefndin til sérfræðings í bifreiðamálum. Í áliti hans, dags. 21. maí sl., segir m.a.:

„ Eftir að ég hef kynnt mér þetta mál þá finnst mér möguleiki á því að þessi galli á bifreiðinni hafi verið til staðar við kaupin.

Gallinn er þannig að hann kom ekki í ljós við almenna skoðun og kom því í ljós við olfuskripti á afturdrifinu í bifreiðinni.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki hægt að sjá hvort einhver ákoma hafi valdið því að þessi sprunga á driffestingunni hafi myndast þannig.

Drifið er svokallað Haldex Traction og er af þriðju kynslóð af þessum drifum samkvæmt árgerð bifreiðarinnar. Þetta er því rafstýrt drif.

Gallinn er vegna tæringar á milli tveggja málma þ.e. áls og járns. Þessi tæring er kölluð (Galvanic Corrosion) þ.e. tæring sem myndast við efnabreytingar (í málmum).

Í galvanísku pari, virkar annar málmurinn sem meira er af sem forskaut (þ.e. Álið) og tærist þá hraðar en hinn málmurinn sem er minna af (járnið í fóðringunni) sem (bakskauf) tærist þá hægar. Þegar þessir málmar eru ekki í sneringu við hvorn annan þá tærust þeir á sínum eigin hraða.

Niðurstaða mín í þessu áliti er sú og er sammála skýringum Z að ástæða sprungunnar sé tæring á milli stál/gúmmi-fóðringar sem er notuð í gatinu og álblöndunar sem er í húsi drifsins.

Hvorugur aðili málsins gat vitað að sprungan hafi verið við sölu/kaupin á bifreið álitsbeiðanda.,,

Skv. áliti sérfræðingsins hér að ofan hefði lagi slík sprunga alla jafna ekki fundist við venjulega söluskoðun. Er því að þessu leyti ekki sannað að sprungan hafi ekki verið til staðar

við kaupin, þar sem ekki er hægt að treysta á að hún hefði fundist við söluskoðun. Þá telur sérfræðingurinn, eftir að hafa farið yfir gögn málsins, að sprungan hafi að öllum líkindum verið til staðar við kaupin. Telur kærunefndin einnig að álitsbeiðandi hafi ekki mátt búast við að umrædd sprunga væri til staðar, þrátt fyrir að bifreiðin væri tæplega 9 ára gömul og ekin 147.000 km. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi að þessu leyti verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist skaðabóta samkvæmt framlögðum reikningi vegna viðgerðar á sprungu í drifi að fjárhæð kr. 135.444. Hvað varðar kröfu álitsbeiðanda um að seljandi greiði sér frekari skaðabætur muni reynast nauðsynlegt að skipta um umrætt drif á næstu árum, getur kærunefndin, í ljósi þess að sá réttur eða skylda er ekki orðin til, tekið afstöðu til þeirrar kröfu.

Þegar viðgerðin fór fram var bifreiðin vissulega komin á tíunda ár og því mátti álitsbeiðandi búast við því að til einhverra viðgerða kæmi á bifreiðinni. Verður því kærunefndin, m.v. það sem að framan er rakið, að meta bætur að álitum og eru þær hæfilega metnar kr. 100.000.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

## IX

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson